

Málsnr.: R/11030049  
Skjalasafn Ráðhúss  
10 MARS 2011  
Bréfalykill: 5214-0



Reykjavíkurborg,  
Jón Gnarr, borgarstjóri  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Reykjavík, 09.03.2011

**Efni: Ósk um staðfestingu eigenda Orkuveitu Reykjavíkur á heimild til endurnýjunar og stækkunar rekstrarlánasamninga við NBI og Arion banka hf.**

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykki á fundi sínum þann 4. mars s.l. að heimila forstjóra og/eða framkvæmdastjóra fjármála að ganga frá og undirrita endurnýjaðan og stækkaðan rekstrarlánasamning við Arion banka hf. samtals að fjárhæð tveir milljarðar króna og endurnýjaðan og stækkaðan rekstrarlánasamning við NBI hf. samtals að fjárhæð fjórir milljarðar króna. Einnig var samþykkt að vísa málinu til eigenda. Er þess hér með óskað að eigendur staðfesti heimildina.

Virðingarfyllst,

Bjarni Bjarnason,  
forstjóri

*Hjálagt: Greinargerð, dags. 2. mars 2011*

*Samrit: Bæjarstjóri Akraness, Sveitarstjóri Borgarbyggðar*

Reykjavík, 02.03.2011  
IJE/EHj/HÞI/  
SF151

Til stjórnar

### **Endurnýjun og stækkun rekstrarlánasamninga við NBI hf. og Arion banka hf.**

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að heimila forstjóra og/eða framkvæmdastjóra fjármála að ganga frá og undirrita, sbr. meðfylgjandi greinargerð:

- endurnýjaðan og stækkaðan rekstrarlánasamning við Arion banka hf. samtals að fjárhæð tveir milljarðar króna.
- endurnýjaðan og stækkaðan rekstrarlánasamning við NBI hf. samtals að fjárhæð fjórir milljarðar króna.

Heimildin nær einnig til undirritunar allra annarra skjala er ráðstafanir þessar snertir.

#### Greinargerð:

Óskað er heimildar stjórnar til að ganga frá endurnýjun og stækkun rekstrarlánasamnings við Arion banka að andvirði kr. 2.000.000.000. Upphaflegur samningur var undirritaður 14. ágúst 2009 og var að fjárhæð kr. 1.000.000.000. Tilgangur samnings er að fjármagna daglega lánsfjárförf OR og gildir samningur til 15. september 2011. Vextir taka mið af REIBOR vöxtum auk álags, 3%. Greitt er heimildargjald, 0,2% á ári.

Þá er óskað heimildar stjórnar til að ganga frá rekstrarlánasamningi að andvirði kr. 4.000.000.000 við NBI hf. Tilgangur samnings er að fjármagna daglega lánsfjárförf OR og gildir samningur til 1. febrúar 2012. Vextir taka mið af kjörvöxtum bankans í vaxtaflokki K0 að viðbættu 0,5% álagi, nú samtals 7%. Greitt er lántökugjald, 0,1%, sem greiðist við undirritun auk skuldbindingargjalds fyrir óáðreginn hluta, 0,2% p.a. sem reiknast ársfjórðungslega. Eldri skammtímafyrirgreiðsla NBI hf., staðfest af stjórn í september og október 2009, nam alls 7 milljörðum króna. Hluti þess hefur verið greiddur upp en endurnýja þarf umboð stjórnar fyrir 4 milljarða lánalínu.

Verkefnishópur um fjármögnun OR er að störfum. Vísast um það til skýrslu HF Verðbréfa, sem lögð var fram og rædd á fundi stjórnar 28. janúar sl. Jafnframt var skýrslan kynnt og rædd í borgarráði Reykjavíkurborgar 10. febrúar sl. Skammtímafjármögnun af því tagi, sem hér um ræðir, var umfangsmikil í rekstri OR frá hruni fjármálakerfisins haustið 2008 þar til lán EIB vegna helmings 5. áfanga Hellisheiðarvirkjunar fékkst afgreitt og skammtímaskuldum var breytt með skuldabréfaútboðum.

Báðar lánalínur – 1 ma.kr. hjá Arion banka og 3 ma.kr. hjá NBI hf. – standa nú í 0 kr.

Rétt þykir að endurnýja og stækka núverandi lánalínu. Vegna markaðaáhættu einnar er þörf OR á slíkum aðgangi að fé metinn á um 7,5 milljarða króna miðað við 12 mánuði og eru aðrir rekstrarlegir óvissuþættir ónefndir.

Skuldbindingarnar sem um ræðir nema samtals sex milljörðum króna. Eigið fé OR var í árslok 2009 40.657 mkr. skv. ársreikningi. Í lögum um Orkuveitu Reykjavíkur segir: „Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt, án samþykkis eigenda hverju sinni, að taka lán til rekstrarþarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum í sama skyni.“ Í ljósi þess að heildarskuldbinding samþykktarinnar nemur 14,8% af eigin fé OR miðað við síðasta ársreikning og yfirstandandi samstarfs við eigendur um endurfjármögnun fyrirtækisins, er lagt til að staðfestingar eigenda á skuldbindingunni sé óskað þótt um lán til rekstrarþarfa sé að ræða.

Bjarni Bjarnason, forstjóri.